



Varðandi: Bíóhöllin - samningur

Málsnúmer: 1512011

Dagsetning: 2. desember 2015

TILLAGA:


Bæjarráð samþykkir framlengingu á samningi um rekstur Bíóhallarinnar á Akranesi í eitt ár, eða frá 1. desember 2015 til 1. desember 2016.

Samhliða er því beint til menningar- og safnanefndar að skilgreina hlutverk og markmið með starfsemi í Bíóhöllinni við gerð stefnumótunar í menningarmálum á Akranesi.

GREINARGERÐ:

Fyrir liggja drög að yfirlýsingu þar sem lagt er til að framlengja samning um rekstur Bíóhallarinnar á Akranesi um eitt ár, eða frá 1. desember 2015 til 1. desember 2016. Samningurinn skal endurskoðaður eigi síðar en 1. desember 2016 og skal því beint til menningar- og safnanefndar að skilgreina hlutverk og markmið með starfsemi í Bíóhöllinni við gerð stefnumótunar í menningarmálum á Akranesi. Greiðslur verða óbreyttar á árinu 2016, kr. 400.000 á mánuði eða samtals kr. 4.800.000

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.


Regína Ásvaldsdóttir
bærarstjóri